

# ***Reglur um styrki til viðhalds á vegum í frístundabyggð í Grímsnes- og Grafningshreppi***

## **1. grein**

Sveitarstjórn ákveður árlega upphæð við gerð fjárhagsáætlunar til viðhalds á vegum í frístundabyggðum sveitarfélagsins.

## **2. grein**

Félög frístundabyggða og sumarhúsaeygenda sækja um styrk til sveitarstjórnar fyrir 1. mars ár hvert á þar til gerðu eyðublaði. Skilyrt er að kostnaðaráætlun fylgi. Í lok apríl ár hvert liggur fyrir hverjir munu fá úthlutað styrk og verður styrkurinn greiddur út eftir framvísun afrits af reikningi, þó eigi síðar en 31. desember það ár sem styrkurinn er veittur.

## **3. grein**

Aðeins er veittur styrkur til viðhalds vega og getur styrkur mestur orðið kr. 300.000 til einstakrar framkvæmdar.

## **4. grein**

Samgöngunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps metur styrkbeiðnir og kemur með tillögur til sveitarstjórnar um úthlutun á styrkjum eftir þeim umsóknum sem fyrir liggja.

## **5. grein**

Reglur þessar eru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps 4. nóvember 2015.

f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps,

*Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri*